

Samþykktir viðaukar jan - sept 2021

NR.	Heiti viðauka	Fjárhæð (1000)
VA1324	Viðauki: Aðgerðir og viðspyrna í menningar- og listalífi v. Covid-19 - Gjörningahátíð	4.000
VA1325	Viðauki: Stuðningur til sviðslista í Tjarnarbíó og Borgarleikúsi	31.000
VA1326	Viðauki: Harpa tónlistarhús - rekstrarframlag	135.000
VA1327	Viðauki: Markaðsaðgerðir vegna Ferðapjónustu og ferðapjónustutengdra greina - COVID	98.728
VA1328	Viðauki: Kjaranefndarraðaðri stjórnendur	127.864
VA1329	Viðauki: Húsaleigustyrkur til Tónlistarfélags Árbæjar	6.500
VA1330	Viðauki: Viðburðarsamningur við ÍBR	7.000
VA1331	Viðauki: Frestun á breytingum á gjaldskrá Veitna ohf	18.000
VA1332	Viðauki: Barnavernd Reykjavíkur - aukning stöðugilda	116.000
VA1333	Viðauki: Sveigjanleiki í þjónustu - frá barni til fullorðins - tilraunaverkefni	38.278
VA1334	Viðauki: Þriggja ára tilraunaverkefni - frístundir í Breiðholti	37.600
VA1335	Viðauki: Innleiðing á þjónustustefnu	14.000
VA1336	Viðauki: Microsoft leyfi	45.000
VA1337	Viðauki: Rannsóknarþjónusta - flutningur fjárheimilda milli sviða	-
VA1338	Viðauki: Arnarskóli - fjölgun barna	18.904
VA1339	Viðauki: Sjálfstætt starfandi tónlistarskólar - kjarabætur	127.868
VA1340	Viðauki: Heimssamkoma samtaka sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi - flutningur fjárheimilda	10.000
VA1341	Viðauki: Húsnæði f. heimilislausar konur - Hringbraut	26.000
VA1342	Viðauki: Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð	67.073
VA1343	Viðauki: Fab Lab	11.500
VA1344	Viðauki: Lífeyris- og rekstrarskuldbindingar Sinfóníuhlj. Íslands	9.459
VA1345	Viðauki: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - hækkan félagsgjalda	1.784
VA1346	Viðauki: Grænn viðskiptahraðall	10.000
VA1347	Viðauki: Kjaranefndarr. stjórnendur - breytingar á viðbótareiningum	5.572
VA1348	Viðauki: Hækkun á greiðslum frá JS til tónlistarskóla	7.339
VA1349	Viðauki: Styrktarsamningur vegna barna með annað móðurmál en íslensku	12.000
VA1350	Viðauki: Flutningur fjárheimilda frá SBB til SFS vegnar kynningar- og vefmála	-
VA1351	Viðauki: Dýraþjónusta Reykjavíkur	14.021
VA1352	Viðauki: Tekjubr. v heimahjúkrunar skv. fjárlögum 2021	293.900
VA1353	Viðauki: Flutningur fjárheimilda FAST til MAR vegna tilfærslu verkefna	-
VA1354	Viðauki: Námsleyfi	55.001
VA1355	Viðauki: Undirbúningstímar hjá leikskólum	220.020
VA1356	Viðauki: Hækkun MS leyfum ÍTR og MOF	18.883
VA1357	Viðauki: Borgin okkar 2021	85.000
VA1359	Viðauki: Uppbyggingaráætlun velferðarsviðs	296.489
VA1360	Viðauki: Vinnu- og virknaðgerðir í kjölfar Covid-19	460.000
VA1361	Viðauki: Borgin okkar	-
VA1362	Viðauki: Flutn. fjárheimildar FAS	-
VA1363	Viðauki: Flutn. UTR fjárheimilda FAS	-
VA1364	Viðauki: Fjarfundarbúnaður í stjórnsýsluhúsum	54.381
VA1365	Viðauki: Flutn. fjárheimilda VEL	-
VA1366	Viðauki: Fjöldi leikskólabarna	193.562
VA1367	Viðauki: Orlofsgreiðslur frístund	11.887
VA1368	Viðauki: Bókmenntaborg UNESCO	7.000
VA1369	Viðauki: Vinnuskólinn - launhækkun	44.000

VA1370	Viðauki: Sumarstörf 17 og 18 ára (covid)	278.000
VA1371	Viðauki: Vinnuskólinn - fjölgun nemenda (Covid)	135.000
VA1372	Viðauki: Einhverfudeild í Réttarholtsskóla	9.050
VA1373	Viðauki: Tilfluttingur fjárheimilda á skóla- og frístundasviði	-
VA1374	Viðauki: Tilflutningur fjárheimilda á velferðarsviði Vin athvarf	-
VA1375	Viðauki: Tilfærslu á fjárheimildum á velferðarsviði NPA	-
VA1377	Viðauki: Arnarskóli - fjölgun barna	32.278
VA1378	Viðauki: Ás styrktarfélag - kjarabætur	159.974
VA1379	Viðauki: NPA samningar - fjölgun	152.011
VA1380	Viðauki: Tilflutningur fjárh. á VEL - ELLA	-
VA1381	Viðauki: Tilflutningur á fjárh. á VEL - Konukot	-
VA1382	Viðauki: Tilflutningur fjárh. á VEL - Keðjan	-
VA1383	Viðauki: Betri vinnutími - vaktavinna	596.199
VA1384	Viðauki: Nefndarlaun/borgarfulltrúar	23.619
VA1385	Viðauki: Kjaranefndarraðaðir stjórnendur	25.880

4.152.624



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021

Aðgerðir vegna COVID-19

1. Aðgerðir og viðspyrna í menningar- og listalífi vegna COVID-19 - Gjörningahátíð

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 4.000 þ.kr. vegna aðgerða sem efla eiga menningar- og listalíf í Reykjavík vegna Covid-19. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-4.000
MOF	xxx	Listasafn Íslands - Gjörningahátíð	Til	4.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og áætlað er að jafnréttismat muni fara fram samkv. ákvörðun borgarráðs frá 2. apríl 2020 um að jafnréttismat eigi allar tillögur er varða viðspyrnuaðgerðir vegna Covid-19.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar í borgarráði 30. apríl 2020, R20030002, Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Aðgerðir og viðspyrna í menningar- og listalífi. Meðal áætlaðra verkefna var Gjörningahátíð hjá Listasafni Íslands. Allur undirbúningur var vel á veg kominn og búið að ganga frá dagskrá og semja við listamenn, en vegna lokunar safnsins vegna Covid-19 hefur ekki verið mögulegt að framkvæma verkefnið. Óskað er því eftir endurnýjun á heimild að fjárhæð 4.000 þ.kr.

2. Stuðningur til sviðslista í Tjarnarbíó og Borgarleikhúsi

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 31.000 þ.kr. vegna stuðnings sviðslistum í Tjarnarbíó og Borgarleikhúsi sem viðspyrnuaðgerð vegna Covid-19. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-31.000
MOF	03101	Borgarleikhúsið	Til	28.000
MOF	03135	Tjarnarbíó	Til	3.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og áætlað er að jafnréttismat muni fara fram samkv. ákvörðun borgarráðs frá 2. apríl 2020 um að jafnréttismeta eigi allar tillögur er varða viðspymuaðgerðir vegna Covid-19.

Greinargerð:

Vísað til samþykkt borgarráðs frá 5. nóvember 2020 liður 8, mál R20110025, Covid-aðgerðir Reykjavíkurborgar til stuðnings sviðslistum í Tjarnarbíó og liður 7, mál R20110023, Covid-aðgerðir Reykjavíkurborgar til stuðnings sviðslistum í Borgarleikhúsi.

3. Harpa tónlistarhús – rekstrarframlag

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 135.000 þ.kr. vegna sérstaks aukaframlags til rekstrar Hörpu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-135.000
SFS	xx	MOF	Til	135.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Vísað til samþykkt borgarráðs frá 21. janúar 2021 liður 7, mál R21010191, Tillaga um sérstakt rekstrarframlag til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. vegna ársins 2020 og 2021.

Dagur B. Eggertsson



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021

1. Húsaleigustyrkur til Tónlistarfélags Árbæjar

Lagt er til að fjárheimildir íþrótta- og tómstundasviðs hækki um 6.500 þ.kr. vegna styrks til Tónlistarfélags Árbæjar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -6.500
ITR	19320	Tónlistarfélag Árbæjar - Húsaleigustyrkur	Til 6.500
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 11. apríl 2019 um máls R19030193, Tónlistarfélag Árbæjar – styrkur, vegna leigu Tónlistarfélags Árbæjar á húsnæði í Stangarhýl fyrir tónlistarmiðstöð fyrir ung fólk. Samþykkti borgarráð þriggja ára samning um tilraunaverkefni með viðbótarstyrk árið 2019 að fjárhæð 5.000 þ.kr., og árin 2020 og 2021 viðbótarstyrk að fjárhæð 6.500 þ.kr.

2. Viðburðarsamningur við ÍBR

Lagt er til að fjárheimildir íþrótta- og tómstundasviðs hækki um 7.000 þ.kr. vegna viðburðarsamnings milli ÍTR og ÍBR. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -7.000
ITR	19320	Viðburðarsamningur ÍBR	Til 7.000
Samtals			0

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 07.03.2019 R19030026 - samstarfssamningur við ÍBR um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við viðburðahald ÍBR á tímabilinu 1. janúar 2019 – 31. desember 2021. ÍBR stendur að sex íþróttaviðburðum á ári, þ.e. Reykjavíkurmaraþonni, Tour of Reykjavík, Reykjavíkurlaikum, Norðurljósaflaupi, Miðnæturlaupi og Laugavegshlaupi. Markmið samningsins er að styðja viðburðahalds ÍBR og festa hlutverk ÍBR í sessi sem ráðgefandi fagaðila vegna viðburðahalds í Reykjavík.

3. Frestun á breytingum á gjaldskrá Veitna ohf

Lagt er til að fjárheimildir íþrótt- og tómstundasviðs verði hækkaðar um 18.000 þ.kr. vegna frestunar á gjaldskrárbreytingum Veitna ohf. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -18.000
ITR	15450	Frestun á gjaldskrárlækkun hjá Veitum ohf	Til 18.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Fyrirhuguð gjaldskrárbreyting Veitna ohf vegna sölu á heitu og köldu vatni átti að taka gildi 1. janúar 2020. Hefði sú gjaldskrárbreyting haft í för með sér 18.000 þ.kr. árlega lækkun á útgjöldum ÍTR og var tekið tillit til þess við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 og 2021. Hafa Veitur ohf nú ákveðið að fresta breytingunum til 1. janúar 2022 og jafnframt mun gjaldskráin hækka um 2,5% þann 1. janúar 2021.

4. Barnavernd Reykjavíkur – aukning stöðugilda

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 116.000 þ.kr. vegna styrkingu á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur um sjö stöðugildi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -116.000
VEL	xxx	Barnavernd Reykjavíkur	Til 116.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 2. júlí 2020 liður 38, mál R20060284, Covid -19 – Tillaga um styrkingu Barnaverndar Reykjavíkur. Áætlaður kostnaður var 30.000 þ.kr. árið 2020 og 116.000 þ.kr. árið 2021, auk þess sem fjárheimildin verður endurskoðuð á árinu 2021 samfara fjárhagsáætlun ársins 2022.

5. Sveigjanleiki í þjónustu – frá barni til fullorðins – tilraunaverkefni

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 38.278 þ.kr. vegna tilraunaverkefnisins frá barni til fullorðins. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -38.278
VEL	xxx	Frá barni til fullorðins	Til 38.278
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu.

Greinargerð:

„Sveigjanleiki í þjónustu – frá barni til fullorðins“ var tilraunaverkefni, samþykkt af velferðaráði þann 2. febrúar 2017 til þriggja ára á grundvelli 4. liðar aðgerðaáætlunar með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum á tímabilinu 2013-2024. Verkefnið fólst í því að bjóða upp á aðstoð á heimili ungmenna með krefjandi stuðningsþarfir fram yfir 18 ára aldur þannig að þeir gætu áfram búið á heimili sínu og álagi yrði jafnframt létt af fjölskyldunni. Með því að setja verkefnið á laggirnar var unnt að bjóða viðkomandi einstaklingum upp á sólarhringsþjónustu. Mikil ánægja hefur verið meðal þeirra fjölskyldna sem tóku þátt í tilraunaverkefninu.

Í tilraunaverkefninu voru fjórir einstaklingar. Tveir þessara einstaklinga hafa fengið NPA samninga og því færst úr tilraunaverkefninu yfir í NPA þjónustu.

Þeir tveir einstaklingar sem enn nýta sér tilraunaverkefnið hafa eindregið óskað eftir framhaldi þar til þeir fái þjónustu við hæfi, annað hvort í formi NPA þjónustu eða búsetuþjónustu. Óskað er eftir fjárheimild til að halda tilraunaverkefninu áfram þar til þeim býðst þjónusta við hæfi á árinu 2021.

6. Þriggja ára tilraunaverkefni – frístundir í Breiðholti

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 37.600 þ.kr. vegna tilraunaverkefnis um frístundir í Breiðholti. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -37.600
VEL	xxx	Frístund í Breiðholti	Til 37.600
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 27. ágúst 2020 liður 15, mál R20050097, Frístundir í Breiðholti – Þriggja ára tilraunaverkefni (2020 – 2023).

7. Innleiðing á þjónustustefnu

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu þjónustu og rekstrar verði hækkaðar um 14.000 þ.kr. vegna innleiðingar á þjónustustefnu. Er fjárheimildin nýtt til að fjármagna eitt stöðugildi 2021. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -14.000
ÞON	xxx	Innleiðing þjónustustefnu	Til 14.000

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Frá árinu 2018 hefur árlega verið fjárfest fyrir 14.000 þ.kr. í ráðgjöf vegna innleiðingu þjónustustefnu. Þjónustustefna Reykjavíkurborgar lýsir samræmdri sýn borgarinnar á það hvað þjónustuveiting snýst um. Þannig nýtist hún starfsfólki við dagleg störf um leið og hún setur viðmið og mælikvarða um þjónustu borgarinnar almennt. Fjárveitingin hraðar til muna starfsemi innleiðingarteymis og hefur verið sett inn árlega sem viðauki.

8. Microsoft leyfi

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu þjónustu og rekstrar verði hækkaðar um 45.000 þ.kr. vegna Microsoft leyfa. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -45.000
ÞON	xxx	MS leyfi	Til 45.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Töluverður uppsafnaður halli hefur myndast vegna Microsoft hugbúnaðarleyfa. Uppsöfnuð vanáætlun skiptist gróflega í vanáætlun á leyfiskostnaði 35.000 þ.kr. og gengisbreytingar 10.000 þ.kr.

Áhrif skilmálabreytinga hjá Microsoft urðu til þess að kostnaður af Office leyfum fyrir ÍTR og MOF sexfaldaðist þegar afsláttur fór úr 90% í 40%. Þá er töluverður verðmunur á Office 2019 leyfum og Office365 leyfum enda meira innifalið í Office365. Fjöldi notenda í Office 365 fer hratt vaxandi og tók snarpan vaxtarkipp þegar kröfur um samræmdan verkvang við fjarvinnu urðu áberandi í kjölfar COVID-19.

9. Rannsóknarþjónusta - flutningur fjárheimilda milli sviða

Lagt er til að fjárheimildir vegna rannsóknarþjónustu færist frá þjónustu- og nýsköpunarsviði til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÞON	01285	Þjónustu- og nýsköpunarsvið	Frá -14.773
SBB	01297	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Til 14.773
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Rannsóknarþjónustan hefur þann megintilgang að efla þátttöku og árangur Reykjavíkur í alþjóðlegu rannsókn- og nýsköpunarumhverfi og afla borginni styrkja til nýsköpunar í allri starfsemi sinni.

Rannsóknarþjónustan sinnir málefnum sem tengjast Evrópuverkefnum og öðrum styrkjaumsóknum, hún greinir og leggur mat á rannsóknarköll og auglýsingar hinna ýmsu rannsóknarsjóða og sinnir fræðslu til sviða um möguleika á þátttöku. Til viðbótar snýst starfsemi rannsóknarþjónustu í meginráttum um rekstur og umsjón stórra og umfangsmikilla verkefna sem þegar hafa hlotið styrk.

Markmiðið með flutningi rannsóknarþjónustunnar frá skrifstofu sviðsstjóra á þjónustu- og nýsköpunarsviði yfir á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara þar sem hún verður hluti af atvinnuþróunarteymi borgarinnar, er að styðja við stefnumörkun og verkefni Græna plansins með sókn Reykjavíkur í alþjóðlega rannsókn- og nýsköpunarsjóði þar sem samvinna hins opinbera, atvinnulífs og rannsóknasamfélags er í öndvegi.

10. Arnarskóli – fjölgun barna

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 18.904 þ.kr. vegna fjölgunar barna í Arnarskóla. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -18.904
SFS	M2308	Arnarskóli	Til 18.904
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Óskað er eftir fjárheimild vegna barns sem fluttist til Reykjavíkur frá öðru sveitarfélagi. Barnið hefur stundað nám við Arnarskóla og mun gera það áfram. Einnig hefur orðið hækkun á gjaldskrá sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

11. Sjálfstætt starfandi tónlistarskólar – kjarabætur

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 127.868 þ.kr. vegna áhrifa kjarasamningshækkana á greiðslur til sjálfstætt starfandi tónlistarskóla. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -127.868
SFS	xxx	Sjálfstætt starfandi tónlistarskólar	Til 127.868
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Kjarasamningsbundnar hækkanir KÍ/FT og FÍH fela í sér útgjalda auka fyrir sjálfstætt starfandi tónlistarskóla. Framlag Reykjavíkurborgar tekur breytingum í samræmi við þessar breytingar.

12. Heimssamkoma samtaka sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi – tilflutningur fjárheimilda

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fjárheimildum á ÖNN vegna stuðnings Reykjavíkurborgar við heimssamkomu samtaka sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -10.000
ÖNN	09510	Ýmsar samningsbundnar greiðslur (ÖNN)	Til 10.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 17. september 2020 liður 12, mál R20090055, Heimssamkoma samtaka sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi í Reykjavík í maí 2021. Óvissa var um hvort hægt væri að halda samkomuna vegna Covid-19, en nú hefur staðfesting fengist á því að heimssamkoman verður haldin og að það verði gert rafrænt.

13. Kjaranefndarraðaðir stjórnendur

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 127.868 þ.kr. vegna ákvörðunar kjaranefndar Reykjavíkurborgar frá 14. október um kjör þeirra stjórnenda sem undir hana heyra og vegna hækkunar launatöflu frá 1. janúar 2021. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falin útfærsla á svið og starfseiningar.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá -127.868
xxx	xxx	Kjaranefndarraðaðir stjórnendur - endurskoðun launat.	Til 88.479
xxx	xxx	Kjaranefndarraðaðir stjórnendur - hækkun launa	Til 39.389
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem ákvarðar um kjör stjórnenda sem ekki eru í stéttarfélögum. Kjaranefnd hefur ákvarðað um hækkun launatöflu um 3,4% frá 1. janúar 2021. Einnig taka breytingar á fjárheimildum til endurskoðunar á einingakerfi sem lá fyrir seint á síðasta ári og ekki náðist að setja inn í fjárhagsáætlun 2021 og staðfest var með viðauka við fjárhagsáætlun á fundi borgarstjórnar 15. desember sl. Ákvarðanir kjaranefndar hafa ekki áhrif á laun borgarstjóra, né borgarstjórnar, en borgarstjóri og borgarstjórn afþökkuðu sem kunnugt er hækkanir kjararáðs ríkisins á sínum tíma og hefur þróun launa viðkomandi fylgt launavísitölu síðan.

Dagur B. Eggertsson



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021

Aðgerðir vegna COVID-19

1. Markaðsaðgerðir vegna ferðapjónustu og ferðapjónustutengdra greina

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 98.728 þ.kr. á árinu 2021 vegna markaðsaðgerða til styrktar ferðapjónustu og ferðapjónustutengdra greina. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-98.728
MOF	07400	Sérstakar markaðsaðgerðir Covid	Til	98.728
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og og áætlað er að jafnréttismat muni fara fram samkv. ákvörðun borgarráðs frá 2. apríl 2020 um að jafnréttismeta eigi allar tillögur er varða viðspyrnuaðgerðir vegna Covid-19.

Greinargerð:

Vísað er til kynningar í borgarráði 16. apríl 2020, R20030002, Fyrstu aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna COVID-19 – Fyrstu markaðsaðgerðir fyrir árin 2020 og 2021, sem byggði á samþykkt borgarráðs 26. mars R20030221. Í heild var veitt 150.000 þ.kr. heimild fyrir þessum sérstöku markaðsaðgerðum vegna áranna 2020 og 2021. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að 80.000 þ.kr. væru nýttar á árinu 2020 og 70.000 þ.kr. á árinu 2021. Ekki voru nýttar nema 51.272 þ.kr. á árinu 2020 og því er beðið um úthlutun að fjárhæð 98.728 þ.kr. vegna ársins 2021.

Dagur B. Eggertsson



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021

1. Húsnæði með þjónustu fyrir heimilislausar konur - Hringbraut

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 26.000 þ.kr. vegna húsnæðis með þjónustu fyrir heimilislausar konur. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-26.000
VEL	xxx	Húsnæði fyrir heimilislausar konur	Til	26.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 3. desember 2020 um mál R20100297, tillaga um húsnæði með þjónustu fyrir heimilislausar konur. Er þetta liður í þeirri vegferð borgarstjórnar að fjölga „húsnæði fyrst“ íbúðum og hér er horft til þess að úthluta íbúðum að Hringbraut til heimilislausra kvenna sem nú búa í tímabundum úrræðum.

2. Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 67.073 þ.kr. vegna breytinga á reglum um fjárhagsaðstoð. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-67.073
VEL	xxx	Breyting á reglum um fjárhagsaðstoð	Til	67.073
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 4.3.2021 liður 28, mál R21030012, breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

3. Fab Lab – endurnýjun á samningi

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 11.500 þ.kr. vegna endurnýjunar á samningi um Fab Lab. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -11.500
VEL	xxx	FabLab samstarfssamningur	Til 11.500
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Visað til samþykktar borgarráðs frá 11.3.2021 liður 6, mál R21020121, Fab Lab í Breiðholti – nýr samningur til þriggja ára.

4. Lífeyris- og rekstrarskuldbindingar Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 9.459 þ.kr. vegna aukaframlags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -9.459
MOF	03102	Sinfóníuhljómsveit Íslands	Til 9.459
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Fjárheimildin er til að standa undir viðbótarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem er ríkisstofnun, en Reykjavíkurborg er skylt samkvæmt 3. grein laga nr. 36/1982 að standa undir 18% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir fjárhagsárið 2021 var gert ráð fyrir að hækka framlag til hljómsveitarinnar í samræmi við verðlag, þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar úr fjárlögum ríkisins áður en fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn. Samkvæmt staðfestingu frá Fjársýslu ríkisins ber Reykjavíkurborg að greiða 254.985 þ.kr. framlag árið 2021 sem er 4.672 þ.kr. hærri en gert var ráð fyrir. Auk þess er gerð krafa um að Reykjavíkurborg greiði 18% hlut í lífeyrisskuldbindingu vegna ársins 2020 eða 4.787 þ.kr. Samtals er því gert ráð fyrir að greiðsla ársins nemi 259.772 þ.kr. en samþykkt áætlun nemur 250.313 þ.kr. Mismunur nemur því 9.459. þ.kr.

5. Hækkun félagsgjalda Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - SSH

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýlu hækki um 1.784 þ.kr. vegna hækkunar á félagsgjöldum SSH. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -1.784
RHS	01080	Félagsgjöld SSH	Til 1.784
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Félagsgjöld samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hækkuðu um tæpa 1,8 m.kr. milli ára 2020 og 2021. Ekki var gert ráð fyrir þessari hækkun við gerð fjárhagsáætlunar 2021.

6. Grænn viðskiptahraðall

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fjárheimildum á ÖNN vegna aðildarsamnings Reykjavíkurborgar að Grænum hraðli.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -10.000
ÖNN	09510	Ýmsar samningsbundnar greiðslur (ÖNN)	Til 10.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 12.11.2020 liður 2, mál R20100230, Grænn viðskiptahraðall.

7. Breytingar kjaranefndar á viðbótareiningum

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða hækki um 2.822 þ.kr. vegna breytinga á viðbótareiningum starfsmanna samkv. ákvörðun kjaranefndar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá -5.572
FÁST	xxx	Kjaranefndarraðaðir stjórnendur	Til 1.218
VEL	xxx	Kjaranefndarraðaðir stjórnendur	Til 1.532
USK	xxx	Kjaranefndarraðaðir stjórnendur	Til 2.822
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu.

Greinargerð:

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem ákvarðar um kjör stjórnenda sem ekki eru í stéttarfélögum. Kjaranefnd hefur ákvarðað viðbótareiningar hjá stjórnendum hjá 3 sviðum samtals að fjárhæð 5.572 þ.kr. afturvirkar frá 2019 og 2020.

8. Hækkun á greiðslum frá Jöfnunarsjóði

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 7.339 þ.kr. vegna hækkunar á framlagi Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna. Breytingin verður fjármögnuð með hækkun jöfnunarsjóðstekna, af kostn.st. 00103.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00103	Jöfnunarsjóðstekjur	Frá	-7.339
SFS	M3110	Tónlistarnám framlag jöfnunarstjós - hækkun	Til	7.339
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu.

Greinargerð:

Mánaðarlegum greiðslum frá Jöfnunarsjóði er miðlað til tónlistarskóla í samræmi við samninga. Greiðslur á þessu ári hækkuðu um rúm 611 þ.kr. á mánuði og er gerð tillaga um að SFS fái heimild til að hækka miðlun greiðslna um þá fjárhæð til samræmis við undirliggjandi samninga.

9. Styrktarsamningur vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Lagt er til að gerðar verði eftirfandi breytingar á fjárheimildum skóla- og frístundasviðs. Breytingin felur í sér hækkun tekna og gjalda um sömu fjárhæð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SFS	M2143	Fellaskóli	Frá	-12.000
SFS	M2143	Fellaskóli	Til	12.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Samningur Reykjavíkurborgar, Menntamálaráðuneytisins og Félagsmálaráðuneytisins um markmið til styrktar börnum með annað móðurmál en íslensku gerir ráð fyrir 12 m.kr. fjárframlagi ríkisins sem nýtt verður til ráðningar verkefnastjóra sem staðsettur verður í Fella skóla. Útgjöld verða gjaldfærð hjá SFS og óskað er eftir heimild því samhliða.

10. Flutningur fjárheimilda frá SBB til SFS vegna kynningar og vefmála

Lagt er til að fjárheimildir að fjárhæð 13.703 þ.kr. verði fluttar af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til skóla- og frístundasviðs vegna tilfærslu verkefna.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
SBB	01288	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Frá -13.703
SFS	D002	Skóla- og frístundasvið	Til 13.703
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Tilfærsla fjárheimilda frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til skóla- og frístundasviðs kemur til vegna tilfærslu verkefna í tengslum við kynningar og vefmálefni fyrir skóla- og frístundasvið sem hafa verið þjónustuð af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

11. Dýraþjónusta Reykjavíkur

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum íþrótt- og tómstundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs vegna flutnings á verkefnum frá USK til Dýraþjónustu Reykjavíkur (ÍTR). Hluti kostnaðar verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -14.021
USKRK	U5250	Hundaeftirlit	Frá -570
USKRK	U9230	Meindýravamir	Frá -5.960
ITR	I8410	DÝR	Til 16.874
USKRK	U1100	Skrifstofa sviðsstjóra USK	Til 3.677
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og niðurstaðan sú að ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 4.2.2021 liður 6, mál R20110224, Tillaga að Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR) og liður 7, mál R20110224, tillaga um breytingu á gjaldskrá Hundaftirlitsins.

Allar fjárheimildir verða fluttar af kostn.st. USK U5250 (Hundaftirlitið) yfir á kostn.st. ITR I8410 Dýraþjónustu Reykjavíkur, að undanskildri kostnaðarhlutdeild í sameiginlegum rekstri sem er húsaleiga fyrir skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 12 – 14 sem verður flutt á kostn.st. U1100, skrifstofu sviðsstjóra USK. Er um að ræða bæði tekjur, laun og annan rekstrarkostnað. Þar sem gjaldskrá vegna skráningar hunda hefur verið lækkuð munu tekjur sem áætlaðar voru tæpar 34 m.kr. lækka og rúmar 11 m.kr. verða fjármagnaðar af ófyrirséð til að mæta væntu tekjutapi. Þá eru tæpar 6 m.kr. fluttar af kostn.st. USK U9230 Meindýravörnum yfir á kostn.st. ITR, I8410 Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar. Nýtt fjármagn vegna fræðslu- og kynningarstarfs, 3 m.kr., verður fjármagnað af ófyrirséð.

Dagur B. Eggertsson



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021

1. Tekjubreyting v. heimahjúkrunar skv. fjárlögum 2021

Lagt er til gerðar verði eftirfarandi breytingar á fjárheimildum þjónustuhluta á velferðarsviði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	F2700	Tekjubreyting samkv. fjárlögum 2021	Frá	-293.900
VEL	F2700	Tekjubreyting samkv. fjárlögum 2021	Til	293.900
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Breyting er vegna endurútreiknings á framlagi Sjúkratrygginga til heimahjúkrunu 2021 og er áætlun velferðarsviðs uppfærð til samræmis við fjárlög 2021.

- samkvæmt fjárlögum 2021 fær „Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu“ 1.697.500 þ.kr. Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 var gert ráð fyrir 1.634.600 þ.kr. í tekjur frá ríkinu vegna heimahjúkrunar. Tekjubreyting samkv. fjárlögum 2021 er því 62.900 þ.kr.
- Einnig er viðbótarfjárveiting til heimahjúkrunar 231.000 þ.kr. á árinu vegna þjónustuaukningar s.s.vegna samnings um velferðartækni, styrkingu innviða, aukningu í fagstéttum og sérhæft öldrunarteymi.
- Samtals þarf því að hækka tekjugrunn Heimahjúkrunar um 293.900 þ.kr. á árinu 2021.

2. Flutningur fjárheimilda frá FAST til MAR vegna tilfærslu verkefna

Lagt er til að fjárheimildir að fjárhæð 14.225 þ.kr. verði fluttar af fjármála- og áhættustýringarsviði til mannréttindaskrifstofu vegna tilfærslu verkefna.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
FAS	01225	Áætlun og uppgjör	Frá	-12.146
FAS	01205	Áætlun og uppgjör	Frá	-2.079
MAR	01271	Mannréttindaskrifstofa	Til	14.225
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Tilfærsla fjárheimilda frá fjármála- og áhættustýringarsviði til mannréttindaskrifstofu kemur til vegna tilfærslu verkefna í kynjaðri fjárhagsáætlunargerð.

3. Námsleyfi

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða hækki um 55.001 þ.kr. vegna námsleyfa starfsmanna. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá	-55.001
SFS	xxx	Námsleyfi 2021	Til	25.584
VEL	xxx	Námsleyfi 2021	Til	18.249
USK	xxx	Námsleyfi 2021	Til	4.143
ÍTR	xxx	Námsleyfi 2021	Til	2.540
MOF	xxx	Námsleyfi 2021	Til	1.642
ÞON	xxx	Námsleyfi 2021	Til	1.115
FÁST	xxx	Námsleyfi 2021	Til	970
MOS	xxx	Námsleyfi 2021	Til	176
RHS	xxx	Námsleyfi 2021	Til	582
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu.

Greinargerð:

Fjárheimildir vegna lengri launaðra námsleyfa voru geymdar miðlægt en er nú úthlutað á svið samkv. útreikningum MOS.

4. Undirbúningstímar hjá leikskólum

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 220.020 þ.kr. vegna breytinga á undirbúningstímum í leikskólum í kjölfar kjarasamninga 2020. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostn	Frá	-220.020
SFS	Dxxx	Leikskólar	Til	220.020
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu.

Greinargerð:

Með nýjum kjarasamningum 2020 fengu starfsmenn leikskóla aukna undirbúningstíma. Ekki var búið að kostnaðarmeta þá breytingu og ekki búið að úthluta henni til leikskólanna. Að stærstum hluta falla undirbúningstímarnir til hjá FSL og FL.

5. Hækkun á Microsoft leyfum ÍTR og MOF

Lagt er til að fjárheimildir íþróttar- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs hækki um 18.883 þ.kr. vegna hækkunar á Microsoft hugbúnaðarleyfum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)	
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-18.883
ITR	xxx	MS leyfi	Til	7.261
MOF	xxx	MS leyfi	Til	11.622
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Við endurnýjun á samningi Reykjavíkurborgar um Microsoft leyfi urðu breytingar á leyfaskilmálum hjá ÍTR og MOF sem hækka um ofangreinda fjárhæð. Gjaldskrá UTR hefur hækkað til samræmis við hækkun Microsoft leyfa en ekki var gert ráð fyrir því við fjárhagsáætlun sviðanna 2021.

Dagur B. Eggertsson



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021

Aðgerðir vegna COVID-19

1. Borgin okkar 2021

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs hækki um 55.000 þ.kr. vegna verkefnisins borgin okkar 2021 og eftirfarandi breytingar verði gerðar á fjárheimildum á ÖNN vegna Hverfasjóðs. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -85.000
ÖNN	09309	Hverfasjóður	Til 30.000
USK	U3212	Borgin okkar	Til 55.000
Samtals			0

